



Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, í samningi þessum nefnd *þjónustukaupi* og Samtökin '78, kt. 450179-0439, Suðurgötu 3, 101 Reykjavík, í samningi þessum nefnd *þjónustusali*, gera með sér svohljóðandi;

## Samning

**um fræðslu í grunnskólum Reykjavíkurborgar um stöðu samkynhneigðra, tvíkynhneigðra, pankynhneigðra, eikynhneigðra, intersex og trans fólks, hér eftir sameiginlega nefnt *hinsegin fólk* og rekstur félagsmiðstöðvar fyrir hinsegin ungmenni.**

*Markmið Samtakanna '78 er að vinna að sýnileika og viðurkenningu hinsegin fólks og berjast fyrir því að það njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi. Samtökin leitast við að breyta fordómum, hroka og andúð í garð hinsegin fólks í viðurkenningu, sátt og mannvirðingu. Samtökin eru eini aðilinn hér á landi sem sérhæfir sig í að sinna þörfum hinsegin fólks og aðstandenda þess, m.a. með því að veita ráðgjöf og stuðning, skapa því félags- og menningarlegan vettvang, styrkja sjálfsvitund þess og samkennd, berjast fyrir réttindum þess og standa fyrir fræðslu um reynslu þess og sérstöðu.*

### 1. gr.

**Þjónusta sem samið er um snýr bæði að starfsfólki grunnskóla, leikskóla og frístundamiðstöðva sem og nemendum, börnum og ungmennum og skal hún unnin í samstarfi við Jafnréttisskóla Reykjavíkur.**

#### ***Hlutverk þjónustusala:***

Hlutverk þjónustusala er að skipuleggja og framkvæma fræðslufundi fyrir nemendur, kennara og aðra þá sem starfa hjá leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar. Þjónustusali skilgreinir þarfir og markmið fræðslustarfs og vinnur að gerð fræðsluefnis í samvinnu við Jafnréttisskóla Reykjavíkur, sérfræðinga hjá skóla- og frístundasviði og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Langtímamarkmið fræðslustarfsins er að gera kennara og aðrar fagstéttir smám saman sjálfbjarga í fræðslu um málefni hinsegin fólks.

#### ***Fræðsla til starfsfólks í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar:***

Þjónustusali skuldbindur sig til að veita kennurum og öðrum þeim sem starfa hjá leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar fræðslu. Fræðslan skal fara fram a.m.k. einu sinni á

samningstímanum í hverjum grunnskóla. Fræðsla skal standa öllum leikskólum til boða. Fræðslan verður skipulögð í samráði við skólastjórnendur, verkefnastjóra Jafnréttisskólans og sérfræðinga hjá skóla- og frístundasviði að frumkvæði þjónustusala. Skóla- og frístundasvið skuldbindur sig til að styðja með markvissum hætti við að þetta markmið náist.

### ***Fræðsla til barna og ungmenna í grunnskólum Reykjavíkurborgar:***

Þjónustusali skuldbindur sig til að veita börnum og ungmennum í grunnskólum Reykjavíkurborgar fræðslu. Fræðslan skal fara fram a.m.k. einu sinni á samningstíma þjónustusala og þjónustuþega í hverjum grunnskóla fyrir sig. Fræðslan verður skipulögð í samráði við skólastjórnendur og verkefnastjóra Jafnréttisskólans að frumkvæði þjónustusala.

### **Markmið:**

Fræðsla og upplýst umræða geta skipt sköpum í lífi barna og ungmenna. Fræðslan getur gert þeim auðveldara að takast á við þær tilfinningar sem tengjast kynhneigð, kynvitund og kyneinkennum. Auk þess getur hinseginfræðsla verið mikilvægur liður í að útrýma fordómum og uppræta hatursfulla orðræðu gegn hinsegin einstaklingum. Til þess að slík markmið náist þarf starfsfólk í leik- og grunnskólum og frístundastarfi einnig að vera vel upplýst.

### ***Kynningarefni:***

Þjónustusali sér til þess að námsefni og upplýsingar um starfsemi og þjónustu Samtakanna '78, sem og námsefni, séu aðgengileg og öllum opin.

**Markmið:** Með útgáfu kynningar- og upplýsingaefnis svo sem bæklingum og öflugri vefsíðu er tryggt að þjónusta þjónustusala sé börnum og ungmennum kunnug. Unnið er að útgáfu með það í huga að almenningur og fagfólk þekki þjónustu þjónustusala og að hún verði hvatning í þá veru að leitað sé eftir henni.

### ***Rekstur hinsegin félagsmiðstöðvar:***

Þjónustusali skuldbindur sig til að reka félagsmiðstöð fyrir hinsegin ungmenni. Á félagsmiðstöðinni skal vera reglubundin starfssemi fyrir ungmenni sem tekur mið af sérstöðu þeirra sem hinsegin og vinnur að því að styrkja og efla sjálfsmynd þeirra, enda sýna rannsóknir að líðan hinsegin ungmenna er verri en þeirra ungmenna sem ekki eru hinsegin. Með sérstakri hinsegin félagsmiðstöð gefst hinsegin ungmennum einnig tækifæri að tilheyra hópi þar sem hinseginleiki þeirra er viðmiðið en ekki frávik. Starfsemin skal fara fram í húsnaði þjónustusala og ber þjónustusali ábyrgð á kynningu hennar sem og samskipti við ungmenni og forráðamenn þeirra.

**Markmið:** Með rekstri hinsegin félagsmiðstöðvar er tryggt að hinsegin ungmenni fái skjól og félagslíf sem tekur mið af stöðu þeirra sem hinsegin þar sem þau geta styrkt eigin sjálfsmynd. Að auki er markmiðið að veita hinsegin ungmennum vettvang þar sem

þau geta kynnst öðrum hinsegin ungmennum, deilt reynslu sinni sem og kynnst og tilheyrt hinsegin samfélaginu.

Þjónustukaupi greiðir framlag til rekstur hinsegin félagsmiðstöðvar í samræmi við nánari ákvæði samnings þessa, kr. 3.000.000 á ári.

## **2. gr. Útborgun**

Árið 2018: Í febrúar koma til útborgunar kr. 3.000.000 og í ágúst kr. 3.200.000.

Árið 2019: Í febrúar koma til útborgunar kr. 3.000.000 og í ágúst kr. 3.200.000.

Árið 2020: Í febrúar koma til útborgunar kr. 3.000.000 og í ágúst kr. 3.200.000.

## **3. gr. Úttekt á framkvæmd samningsins**

Samningur þessi gildir frá undirritun hans til 31. desember 2020. Á samningstímanum, í janúar ár hvert, skulu aðilar samnings þessa fara yfir framkvæmd hans, markmið og mælikvarða á árangur o.s.frv. Að þeim viðræðum komi formaður mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar, formaður og framkvæmdastjóri Samtakanna '78 og verkefnastjóri Jafnréttisskólans.

Ef breytingar verða á samningstímanum á þeirri starfsemi þjónustusala, sem samið eru um í samningi þessum, skal þjónustusali tilkynna þjónustukaupa það þegar í stað. Þjónustukaupi boðar þjónustusala þá til viðræðna um framhald samningsins.

## **4. gr. Ársreikningar ásamt skýrslu um starfsemina**

Þjónustusali skal senda mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar ársreikninga félagsins um leið og þeir liggja fyrir og eigi síðar en í maí ár hvert. Samhliða skal þjónustusali leggja fram skýrslu um starfsemi liðins árs þar sem fram kemur m.a. umfjöllun um sett markmið, mat á mælikvörðum o.s.frv.

## **5. gr. Gildistími samnings**

Samningur þessi gildir frá undirritun hans og til 31. desember 2020.

## **6. gr.**

## **Uppsagnarákvæði**

Ef verulegar vanefndir verða á samningi þessum er hvorum aðila heimilt að rifta honum með þriggja mánaða fyrirvara. Til verulegra vanefnda teljast meðal annarra brot á ákvæðum samnings þessa.

### **7. gr. Framsal**

Annar samningsaðilinn getur ekki án skriflegs samþykkis hins, framselt réttindi og skyldur sínar samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila.

### **8. gr. Breytingar á samningnum**

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framar fyrri skuldbindingum, munnlegum, skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samninginn skulu vera skriflegar og undirritaðar fyrir hönd beggja samningsaðila

### **9. gr. Ýmis ákvæði**

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um venjuleg Force Maejure tilvik sem aðilar fá ekki við ráðið og áhrif geta haft á framkvæmd samnings þessa.

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Öllu framangreindu til staðfestu rita forsvarsmenn aðila nöfn sín undir samning þennan.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs og með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Reykjavík, 23. janúar 2018

f.h Reykjavíkurborgar

f.h. Samtakanna '78

|

---

---